

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 14/2005

2005/EES/32/14

frá 8. febrúar 2005

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggeri hafnaraðstöðu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56ba (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/40/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56bb. **32004 R 0725**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggeri hafnaraðstöðu (Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 725/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. febrúar 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.